

JÁKVÆÐ EBITDA Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI

- EBITDA var jákvæð um 1,1 milljón USD en var neikvæð um 2,3 milljónir USD á síðasta ári.
- Lágt eldsneytisverð hefur jákvæð áhrif á afkomu.
- 21% fjölgun farþega í millilandaflugi og sætanýting góð.
- Heildartekjur jukust um 14%
- Eiginfjárlutfall var 37% í lok mars.
- Handbært fé frá rekstri var 148,8 milljónir USD samanborið við 117,7 milljónir USD árið áður.

| Púsundir USD | 1. ársfj. 2016 | 1. ársfj. 2015 | Breyt. | % Breyt. | 12 mán. 2015 |
|---|-------------------|-------------------|-------------|----------|-----------------|
| Rekstrarreikningur | | | | | |
| Heildartekjur | 211.837 | 186.075 | 25.762 | 14% | 1.139.699 |
| EBITDAR | 9.503 | 6.204 | 3.299 | 53% | 254.026 |
| EBITDA | 1.097 | -2.268 | 3.365 | 148% | 218.982 |
| EBIT | -20.671 | -19.279 | -1.392 | -7% | 135.156 |
| EBT | -21.284 | -18.304 | -2.980 | -16% | 140.223 |
| Afkoma tímabilsins | -16.996 | -14.552 | -2.444 | -17% | 111.223 |
| Efnahagsreikningur | | | | | |
| Heildareignir | 1.152.537 | 992.963 | 159.574 | 16% | 971.979 |
| Eigið fé | 421.742 | 335.616 | 86.126 | 26% | 456.531 |
| Vaxtaberandi skuldir | 62.928 | 80.787 | -17.859 | -22% | 65.530 |
| Handbært fé og markaðsverðbréf | 301.684 | 321.943 | -20.259 | -6% | 214.119 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | -238.756 | -241.156 | 2.400 | -1% | -148.589 |
| Sjóðstreymi | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 3.023 | 1.164 | 1.859 | 160% | 211.260 |
| Handbært fé frá rekstri | 148.792 | 117.687 | 31.105 | 26% | 245.136 |
| Fjárfestingahreyfingar | -99.801 | -37.611 | -62.190 | 165% | -219.942 |
| Fjármögnunarhreyfingar | -3.295 | 19.880 | -23.175 | -117% | -14.320 |
| Handbært fé í lok tímabils | 241.816 | 282.655 | -40.839 | -14% | 194.586 |
| Lykiltölur | | | | | |
| Afkoma US cent á hlut | -0,34 | -0,29 | -0,05 | 17% | 2,24 |
| Innra virði hlutfjár | 10,39 | 8,27 | 2,12 | 26% | 11,24 |
| Eiginfjárlutfall | 37% | 34% | 3,0 %-stig | - | 47% |
| Veltufjárlutfall | 0,74 | 0,84 | -0,10 | -12% | 0,80 |
| Fjárfestingar, þúsundir USD | 56.718 | 26.347 | 30.371 | 115% | 210.400 |
| Flutningatekjur % af heildartekjum | 67% | 69% | -2,0 %-stig | - | 74% |
| EBITDAR hlutfall | 4,5% | 3,3% | 1,2 %-stig | - | 22,3% |
| EBITDA hlutfall | 0,5% | -1,2% | 1,7 %-stig | - | 19,2% |
| Hlutabréf íslenskar krónur | | | | | |
| Hæsta verð á tímabili | 38,35 | 23,20 | 15,15 | 65% | 35,40 |
| Lægsta verð á tímabili | 32,65 | 20,95 | 11,70 | 56% | 20,95 |
| Lokaverð tímabils | 37,55 | 21,10 | - | - | 35,40 |
| Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir) | 187.750 | 105.500 | - | - | 177.000 |

BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON, FORSTJÓRI

„Árið fer ágætlega af stað. Fyrsti fjórðungur ársins er jafnan þungur í rekstri þar sem mikið af kostnaði er gjaldfærður á fjórðungnum sem tengist auknu umfangi á háönn og er það því ánægjulegt að sjá að EBITDA 1. ársfjórðungs er jákvæð í fyrsta sinn síðan árið 2010. Farþegum í millilandaflugi fjölgar mikið milli ára og sætanýting heldur áfram að batna. Þá var herbergjanýting á hótelum félagsins góð á tímabilinu. Rekstur annarrar starfsemi samstæðunnar gekk einnig vel á fjórðungnum. Launakostnaður hækkar um 25% milli ára sem skýrist af auknu umfangi, samningsbundnum launahækkunum og styrkingu krónunnar á móti bandaríkjadal.

Horfur í millilandastarfsemi Icelandair Group eru áfram góðar. Bókunarstaða fyrir sumarið er í samræmi við væntingar og mun Icelandair taka í notkun tvær Boeing 767 breiðþotur á næstu vikum. Í byrjun júní mun Canopy Reykjavík, nýtt 112 herbergja hótél, opna í miðborg Reykjavíkur í samstarfi við Hilton-keðjuna. Þá hefur Flugfélag Íslands tekið í notkun tvær af þremur Bombardier vélum sínum sem munu leysa af hólmi Fokker vélar félagsins. Fjölgun ferðamanna til Íslands er spennandi áskorun fyrir starfsfólk og stjórnendur félagsins og ljóst að það mun reyna á innviði ferðaþjónustunnar á komandi sumri. Ég er þess fullviss að reynsla og þekking starfsfólks Icelandair Group munu þar reynast félaginu dýrmæt sem fyrr.

Eldsneytisverð hefur hækkað nokkuð frá því það var lægst í janúar og gerum við ráð fyrir um 14% hærra verði, að meðaltali það sem eftir lifir árs, en við gerðum þegar við gáfum út EBITDA spá í byrjun febrúar. Kostnaðarhækkunir, sérstaklega hvað varðar laun, og lækun meðalfargjalda umfram áætlanir vega jafnframt þungt í því að EBITDA spá félagsins lækkar nú í 235-245 milljónir USD úr 245-250 milljónum USD.“

FLUTNINGATÖLUR

- Farþegar í millilandaflugi voru 576 þúsund og fjölgaði um 21%.
- Sætanyting í millilandaflugi var 79,4% og hefur aldrei verið hærri á fyrsta ársfjórðungi.
- Herbergjanýting á hótelum félagsins var svipuð og í fyrra eða 75,1%.

| | 1. ársfj. '16 | 1. ársfj. '15 | % br. |
|---------------------------------------|---------------|---------------|------------|
| MILLILANDAFLUG | | | |
| Farþegafjöldi ('000) | 575,9 | 477,1 | 21% |
| Sætanyting (%) | 79,4 | 79,2 | 0,3 %-stig |
| Framboðnir sætiskilómetrar ('000.000) | 2.142,7 | 1.775,8 | 21% |
| INNANLANDS- OG GRÆNLANDSFLUG | | | |
| Farþegafjöldi ('000) | 65,9 | 63,1 | 4% |
| Sætanyting (%) | 73,4 | 71,8 | 1,6 %-stig |
| Framboðnir sætiskilómetrar ('000.000) | 28,9 | 28,3 | 2% |
| LEIGUFLUG | | | |
| Flotanyting (%) | 100,0 | 100,0 | 0,0 %-stig |
| Seldir blokk tímar | 6.091 | 5.217 | 17% |
| FRAKTFLUTNINGAR | | | |
| Seldir tonn kílómetrar ('000) | 26.510 | 24.493 | 8% |
| HÓTEL | | | |
| Framboðnar gistinætur | 71.435 | 66.510 | 7% |
| Seldar gistinætur | 53.671 | 49.989 | 7% |
| Herbergjanýting (%) | 75,1 | 75,2 | 0,0 %-stig |

Framboð í millilandaflugi jókst um 21% á fyrsta ársfjórðungi. Farþegar í millilandaflugi voru 576 þúsund og fjölgaði um 21% samanborið við fyrsta ársfjórðung á síðasta ári. Farþegaaukning varð á öllum mörkuðum, en hlutfallslega var hún mest á ferðamannamarkaðinum til Íslands eða 25%. Sá markaður var einnig stærsti markaður félagsins í fjórðungnum með 49% af heildarfarþegafjölda. Aukning á markaðinum yfir N-Atlantshafið var einnig mikil og nam 22%. Sætanyting var góð 79,4% og jókst um 0,3 prósentustig á milli ára og hefur aldrei verið jafnhá á fyrsta ársfjórðungi.

Farþegar í innanlands- og Grænlandsflugi voru 66 þúsund á fjórðungnum og fjölgaði um 4% miðað við síðasta ár. Framboð var 2% meira en á sama tímabili í fyrra. Sætanyting í fjórðungnum nam 73,4% samanborið við 71,8% á síðasta ári. Seldum blokk tímum í leiguflugi fjölgaði um 17% á milli ára. Flutt frakt jókst frá fyrra ári um 8%. Fjöldi seldra gistinátta jókst um 7% og nam herbergjanýtingin 75,1%.

ÞRÓUN GJALDMIÐLA OG ÁHRIF Á REKSTUR

Uppgjörsmýnt Icelandair Group er USD, en þar sem félagið starfar og selur þjónustu víða um heim þá hefur þróun annarra gjaldmiðla gagnvart USD töluverð áhrif á afkomu félagsins ár. Í yfirlitinu hér að neðan má sjá myntskiptingu tekna og gjalda.

| Tekjur | 1. ársfj. 2016 | 1. ársfj. 2015 | 12M 2015 | Gjöld | 1. ársfj. 2016 | 1. ársfj. 2015 | 12M 2015 |
|----------------|-------------------|-------------------|-------------|----------------|-------------------|-------------------|-------------|
| USD | 42% | 41% | 43% | USD | 43% | 51% | 52% |
| ISK | 29% | 31% | 23% | ISK | 38% | 34% | 30% |
| EUR | 13% | 12% | 17% | EUR | 13% | 10% | 13% |
| GBP | 8% | 8% | 6% | GBP | 4% | 2% | 2% |
| CAD | 3% | 3% | 4% | CAD | 1% | 1% | 1% |
| Annað* | 6% | 6% | 7% | Annað* | 2% | 2% | 2% |
| Samtals | 100% | 100% | 100% | Samtals | 100% | 100% | 100% |

* Annað eru að mestu Skandinavíu-myntir

USD veiktist gagnvart ISK en styrktist gagnvart öðrum helstu viðskiptamyntum félagsins á fyrsta fjórðungi 2016 samanborið við 2015. Þannig er ISK á fyrsta ársfjórðungi nú 4% sterkari gagnvart USD en EUR 6% veikari. Tekjur á Q1 2016 eru 14% hærri en á sama tíma árið 2015. Á föstu gengi hækka tekjurnar um 15% milli ára.

| Mynt | Meðalgengi 1. ársfj. '16 | Breyting frá 1. ársfj. '15 | Lokagengi 31.03 '16 | Breyting frá 31.03 '15 |
|------|-----------------------------|-------------------------------|------------------------|---------------------------|
| ISK | 0,008 | 4% | 0,008 | 11% |
| EUR | 1,102 | -6% | 1,139 | -5% |
| GBP | 1,432 | -9% | 1,438 | -13% |
| CAD | 0,728 | -13% | 0,772 | -12% |
| DKK | 0,148 | -6% | 0,153 | -5% |
| NOK | 0,116 | -14% | 0,121 | -12% |
| SEK | 0,118 | -5% | 0,123 | -4% |

REKSTUR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS

| Þúsundir USD | 1. ársfj. '16 | 1. ársfj. '15 | breyting | % breyting |
|-----------------|---------------|---------------|------------|------------|
| EBITDAR | 9.503 | 6.204 | 3.299 | 53% |
| EBITDA | 1.097 | -2.268 | 3.365 | 148% |
| EBIT | -20.671 | -19.279 | -1.392 | -7% |
| EBT | -21.284 | -18.304 | -2.980 | -16% |
| Tap tímabilsins | -16.996 | -14.552 | -2.444 | -17% |
| EBITDAR % | 4,5% | 3,3% | 1,2 %-stig | - |
| EBITDA % | 0,5% | -1,2% | 1,7 %-stig | - |

Umsvif jukust töluvert, t.a.m. var flugáætlan í millilandaflugi 21% stærri en fyrir ári síðan, framboðnum gistinóttum fjölgaði um 7%, flutt frakt jókst um 8% og seldum blokk tímum í leiguflugsverkefnum fjölgaði um 17%. Fyrsti fjórðungur ársins er jafnan þungur í rekstri þar sem mikið af kostnaði er gjaldfærður í fjórðungnum sem tengist auknu umfangi á háönn, svo sem markaðskostnaður, bókunargjöld og þjálfunarkostnaður. EBITDA var jákvæð um 1,1 milljón USD og hækkaði um 3,4 milljónir USD á milli ára. EBITDA-hlutfall var 0,5% á fyrsta ársfjórðungi en var -1,2% á sama tímabili 2015. EBIT var -20,7 milljónir USD samanborið við -19,3 milljónir USD á sama tímabili árið 2015. Tap eftir skatta var 17,0 milljónir USD en á sama tímabili 2015 nam tapið 14,6 milljónum USD. EBITDAR var jákvæð um 9,5 milljónir USD samanborið við 6,2 milljónir USD á sama tíma á síðasta ári.

TEKJUR

- Heildartekjur voru 14% hærrí en á fyrsta ársfjórðungi 2015.
- Farþegatekjur jukust um 11% á milli ára.

| Púsundir USD | 1. ársfj. '16 | 1. ársfj. '15 | breyting | % breyting | % af tekjum |
|--------------------------|----------------|----------------|---------------|------------|-------------|
| Flutningatekjur: | 141.858 | 128.339 | 13.519 | 11% | 67% |
| Farþegaflug | 130.829 | 118.157 | 12.672 | 11% | 62% |
| Vöru- og pósthutningar | 11.029 | 10.182 | 847 | 8% | 5% |
| Flugvéla- og áhafnaleiga | 26.337 | 20.179 | 6.158 | 31% | 12% |
| Aðrar rekstrartekjur | 43.642 | 37.557 | 6.085 | 16% | 21% |
| Samtals | 211.837 | 186.075 | 25.762 | 14% | 100% |

Heildartekjur jukust um 14%. Á föstu gengi er tekjuaukning um 15%. Flutningatekjur jukust um 13,5 milljónir USD eða um 11% á milli ára. Farþegatekjur í millilandaflogi jukust á öllum mörkuðum, en aukningin var mest á ferðamannamarkaðinum til Íslands, þar sem farþegum félagsins fjölgaði um 25%. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu jukust um 6,2 milljónir USD eða 31% vegna fleiri leiguflegsverkefna. Aðrar rekstrartekjur námu 43,6 milljónum USD og jukust um 6,1 milljón USD eða um 16% miðað við fyrsta ársfjórðung 2015. Skýrist það að mestu leyti af auknu umfangi á milli ára.

| Púsundir USD | 1. ársfj. '16 | 1. ársfj. '15 | breyting | % breyting |
|---|---------------|---------------|--------------|------------|
| Vörusala á hótelum, flugvöllum og flugvélum | 14.767 | 12.503 | 2.264 | 18% |
| Tekjur af ferðabjónustu | 16.303 | 14.201 | 2.102 | 15% |
| Afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt | 7.280 | 6.535 | 745 | 11% |
| Seld viðhaldsþjónusta | 371 | 516 | -145 | -28% |
| Söluhagnaður fastafjármuna | 0 | 103 | -103 | - |
| Aðrar rekstrartekjur | 4.921 | 3.699 | 1.222 | 33% |
| Samtals | 43.642 | 37.557 | 6.085 | 16% |

KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður nam 210,7 milljónum USD.
- Eldsneytiskostnaður lækkar um 22%.
- Annar kostnaður eykst vegna aukins umfangs.

| Púsundir USD | 1. ársfj. '16 | 1. ársfj. '15 | breyting | % breyting | % af kostn. |
|------------------------------------|----------------|----------------|---------------|------------|-------------|
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 71.476 | 57.087 | 14.389 | 25% | 34% |
| Flugtengdur kostnaður | 80.149 | 81.903 | -1.754 | -2% | 38% |
| Annar rekstrarkostnaður | 59.115 | 49.353 | 9.762 | 20% | 28% |
| Samtals | 210.740 | 188.343 | 22.397 | 12% | 100% |

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður námu 71,5 milljónum USD samanboreð við 57,1 milljón á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Skýrist hækkunin af auknu umfangi, samningsbundnum launahækkunum og styrkingu krónunnar á móti USD á samanburðartímabilinu, en stærstur hluti launakostnaðar félagsins er í ISK.

Vegna lægra eldsneytisverðs á fjórðungnum, samanboreð við sama tímabil í fyrra, lækkaði flugtengdur kostnaður um 1,8 milljón þrátt fyrir mun meira umfang.

| Púsundir USD | 1. ársfj. '16 | 1. ársfj. '15 | breyting | % breyting | % af kostn. |
|---|----------------------|----------------------|-----------------|-------------------|--------------------|
| Eldsneytiskostnaður | 34.137 | 43.610 | -9.473 | -22% | 43% |
| Flugvélaeiga | 5.418 | 5.688 | -270 | -5% | 7% |
| Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld | 19.643 | 14.882 | 4.761 | 32% | 25% |
| Viðhaldskostnaður flugvéla | 20.951 | 17.723 | 3.228 | 18% | 26% |
| Samtals | 80.149 | 81.903 | -1.754 | -2% | 100% |

Eldsneytiskostnaður nam samtals 34,1 milljón USD og lækkaði um 9,5 milljónir USD eða 22% frá sama tíma í fyrra. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti var 41% lægra á fyrsta ársfjórðungi 2016 samanborið við sama tímabil 2015. Uppgjörsvæði félagsins að teknu tilliti til varna á fjórðungnum var að meðaltali 486 USD/tonn, sem er 42% hærra en heimsmarkaðsverðið. Yfirlit yfir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok mars er dregið fram í kaflanum „Horfur í rekstri Icelandair Group hf.“ hér á eftir. Flugvélaeiga nam 5,4 milljónum USD og lækkaði lítillega í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2015. Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 4,8 milljónir USD á milli ára eða um 32% vegna verðhækkana og aukins umfangs. Viðhaldskostnaður nam 21,0 milljón USD og jókst á milli ára um 3,2 milljónir USD.

Annar rekstrarkostnaður nam 59,1 milljónum USD og jókst um 9,8 milljónir USD á milli ára. Helstu skýringar eru aukin umsvif á fjórðungnum ásamt auknum kostnaði tengdum sölu- og markaðsstarfi vegna háannar. Í tölunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

| Púsundir USD | 1. ársfj. '16 | 1. ársfj. '15 | breyting | % breyting |
|---|----------------------|----------------------|-----------------|-------------------|
| Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga | 5.685 | 5.058 | 627 | 12% |
| Samskiptakostnaður | 4.889 | 4.363 | 526 | 12% |
| Auglýsingakostnaður | 7.520 | 5.963 | 1.557 | 26% |
| Bókunargj., kreditkortabók. og umboðslaun | 15.364 | 12.377 | 2.987 | 24% |
| Kostnaðarverð seldra vara | 4.848 | 4.213 | 635 | 15% |
| Þjónusta við farþega og hótलगesti | 5.340 | 3.997 | 1.343 | 34% |
| Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu | 8.312 | 6.989 | 1.323 | 19% |
| Breyting á niðurfærslu krafna | 375 | -182 | 557 | - |
| Annar rekstrarkostnaður | 6.782 | 6.575 | 207 | 3% |
| Samtals | 59.115 | 49.353 | 9.762 | 20% |

FJÁRMAGNSLIÐIR

▪ Gengisáhrif voru neikvæð á tímabilinu

| Púsundir USD | 1. ársfj. '16 | 1. ársfj. '15 | breyting | % breyting |
|---------------------|----------------------|----------------------|-----------------|-------------------|
| Fjármagnstekjur | 720 | 575 | 145 | 25% |
| Fjármagnsgjöld | -1.128 | -1.542 | 414 | -27% |
| Gengisáhrif | -260 | 1.852 | -2.112 | - |
| Samtals | -668 | 885 | -1.553 | - |

Fjármagnsgjöld á fyrsta ársfjórðungi námu 1,1 milljón USD samanborið við 1,5 milljónir USD á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Gengisáhrif á fjórðungnum voru neikvæð að fjárhæð 0,3 milljónum USD, en voru jákvæð að fjárhæð 1,9 milljónum USD á sama tímabili árið 2015. Vegna skulda umfram eignir í íslenskum krónum í efnahagsreikningi veldur styrking krónunnar gagnvart bandaríkjadal gengistapi á fjórðungnum.

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir námu 1,2 milljörðum USD í lok fyrsta ársfjórðungs.
- Eiginfjárlutfall var 37%.
- Vaxtaberandi skuldir námu 62,9 milljónum USD.

| Púsundir USD | 31.03.2016 | 31.12.2015 | Breyting |
|--------------------------------|------------|------------|----------|
| Heildareignir | 1.152.537 | 971.979 | 180.558 |
| Rekstrarfjármunir | 456.590 | 419.071 | 37.519 |
| Handbært fé og markaðsverðbréf | 301.684 | 214.119 | 87.565 |
| Eigið fé | 421.742 | 456.531 | -34.789 |
| Vaxtaberandi skuldir | 62.928 | 65.530 | -2.602 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | -238.756 | -148.589 | -90.167 |
| Eiginfjárlutfall | 37% | 47% | -10 ppt |
| Veltufjárlutfall | 0,74 | 0,80 | -8% |

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 456,6 milljónum USD og jukust um 37,5 milljónir USD frá ársbyrjun. Sjá nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum undir kaflanum um sjóðstreymi og fjárfestingar. Í lok fjórðungsins voru 45 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 36 í eigu félagsins. Fokker F-50 vélar félagsins eru í söluferli. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok fyrsta ársfjórðungs.

| Flugvéla-gerð | Icelandair | Cargo | Loftleiðir | Flugfél. Íslands | Flugfloti 31.03.16 | Flugfloti 31.12.15 | Eigin vélar | Leigu- vélar | Breyt. frá 31.12.15 |
|-----------------|------------|----------|------------|---------------------|-----------------------|-----------------------|----------------|-----------------|------------------------|
| B757 200 | 22 | 2 | 4 | | 28 | 26 | 25 | 3 | 2 |
| B757 300 | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | | 0 |
| B767 300 | 2 | | 2 | | 4 | 4 | 1 | 3 | 0 |
| B737 700 | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 0 |
| B737 800 | | | 2 | | 2 | 2 | | 2 | 0 |
| Fokker F-50 | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | | 0 |
| Bombardier Q200 | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | | 0 |
| Bombardier Q400 | | | | 3 | 3 | 3 | 3 | | 0 |
| Samtals | 25 | 2 | 9 | 9 | 45 | 43 | 36 | 9 | 2 |

Eigið fé nam 421,7 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs og eiginfjárlutfallið var 37%. Arður sem samþykktur var á aðalfundi í mars var færður til skuldar og til lækkunar á eigin fé, en hann var greiddur út 7. Apríl 2016. Arðurinn nam 0,54 US cent á hvern hlut og var samtals 27,0 milljónir USD. Í árslok 2015 var eiginfjárlutfallið 47%.

| Púsundir USD | 31.03.2016 |
|-----------------------------------|----------------|
| Eigið fé 1.1. 2016 | 456.531 |
| Heildarafkoma tímabilsins | -7.821 |
| Arðgreiðsla (0,54 US cent á hlut) | -26.968 |
| Eigið fé 31.03. 2016 | 421.742 |

Vaxtaberandi skuldir námu 62,9 milljónum USD, samanborið við 65,5 milljónir USD í ársbyrjun. Afborganir langtímaskulda á fyrsta ársfjórðungi námu 3,3 milljónum USD. Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 301,7 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs 2016 samanborið við 214,1 milljón USD í byrjun árs. Handbært og markaðsverðbréf fé umfram vaxtaberandi skuldir voru því 238,8 milljónir USD í lok fjórðungsins.

| Púsundir USD | 31.03.2016 | 31.12.2015 | breyting |
|-----------------------------------|-------------------|-------------------|-----------------|
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 52.631 | 55.387 | -2.756 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 10.297 | 10.143 | 154 |
| Markaðsverðbréf | 59.868 | 19.533 | 40.335 |
| Handbært fé | 241.816 | 194.586 | 47.230 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | -238.756 | -148.589 | -90.167 |

SJÓÐSTREYMI

- **Handbært fé frá rekstri nam 149 milljónum USD**
- **Handbært fé í lok mars var 241,8 milljónir USD.**

| Púsundir USD | 1. ársfj. '16 | 1. ársfj. '15 | breyting |
|-----------------------------------|----------------------|----------------------|-----------------|
| Veltufé frá rekstri | 3.023 | 1.164 | 1.859 |
| Handbært fé frá rekstri | 148.792 | 117.687 | 31.105 |
| Fjárfestingahreyfingar | -99.801 | -37.611 | -62.190 |
| Fjármögnunarahreyfingar | -3.295 | 19.880 | -23.175 |
| Handbært fé, breyting | 45.696 | 99.956 | -54.260 |
| Handbært fé í lok tímabils | 241.816 | 282.655 | -40.839 |

Handbært fé frá rekstri á fyrsta ársfjórðungi nam 148,8 milljónum USD og var 31,1 milljón USD hærra en á fyrsta ársfjórðungi 2015.

Afborganir langtímalána námu 3,3 milljónum USD á fjórðungnum. Handbært fé á fjórðungnum jókst um 45,7 milljónir USD. Jákvæð gengisáhrif á handbært fé nam 1,5 milljón USD.

FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 56,7 milljónum USD, þar af var stærsti hlutinn vegna fjárfestinga í flugvélum og fylgihlutum, en tvær Boeing 757 flugvélar voru keyptar á tímabilinu. Á tímabilinu fjárfesti félagið jafnframt í tveimur íbúðablokkum við Keflavíkurlflugvöll sem ætlað er að hýsa starfsmenn félagsins á flugvöllinum.

Fjárfestingar í langtímakostnaði og óefnislegum eignum námu alls 0,7 milljónum USD.

| Púsundir USD | 1. ársfj. '16 |
|-----------------------------------|----------------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | |
| Flugvélar og fylgihlutir | 37.386 |
| Hreyflayfirhöl eigin vélar | 10.844 |
| Aðrar fjárfestingar | 7.756 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir alls | 55.986 |
| Langtímakostnaður | |
| Hreyflayfirhöl á leiguvélum | 370 |
| Óefnislegar eignir | 362 |
| Fjárfestingar samtals | 56.718 |

Á öðrum ársfjórðungi 2016 munu falla til talsverðar fjárfestingar, m.a. gekk félagið frá kaupum á fasteigninni sem hýsir Icelandair Hóтелиð á Akureyri.

HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

- **Arðbær innri vöxtur á árinu 2016 áætlaður.**
- **Nýjar flugvélagæðir teknar inn í flugflotann.**
- **Mikil uppbygging í hótelfstarfsemi félagsins.**
- **Mikil sóknarfæri í ferðatengdri þjónustu á Íslandi.**

Horfur í millilandastarfsemi Icelandair Group fyrir árið 2016 eru góðar. Flugáætlun fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir aukningu framboðinna sætiskílómetra um 24%. Fjöldi farþega er áætlaður 3,7 milljónir samanboreið við 3,1 milljón á árinu 2015. Flogið verður til 43 áfangastaða sem er aukning frá fyrra ári um fjóra. Nýir áfangastaðir eru Chicago í Bandaríkjunum, Montreal í Kanada, Aberdeen í Skotlandi og Orly flugvöllur í París. Framboðsaukningin er þó að mestu tilkomin vegna aukningar í flugi til núverandi áfangastaða í N-Ameríku og Evrópu. 28 flugvélar verða nýttar í áætlunarfluginu, fjórum fleiri en árið 2015. Tvær Boeing 767-300 breiðpotur bætast við flota félagsins. 767 vélarnar taka 262 farþega í sæti, en Boeing 757-200 vélar félagsins taka 183 farþega.

Leiðakerfi félagsins byggir á tveimur tengibönkum á Íslandi. Aðaltengibankinn er með brottfarir frá Keflavíkurflugvelli til Evrópu á morgnana og til Norður Ameríku síðdegis. Á síðustu árum hefur félagið byggt upp annan tengibanka, sem byggir á brottförum frá Keflavíkurflugvelli til Norður Ameríku rétt fyrir hádegi og til Evrópu í kringum miðnættið og verður á árinu 2016 lögð áhersla á frekari uppbyggingu hans. Árið hefur farið vel af stað með mikilli fjölgun farþega á milli ára og góðri sætanýtingu. Bókunarstaða fyrir næstu mánuði er góð og bókanir fyrir sumarið eru í takt við áætlanir. Gert er ráð fyrir að meðalfargjöld muni lækka á árinu þar sem verð í eldsneytisvarnarsamningum eru almennt að lækka ásamt því að eldsneytisverð hefur haldist lágt.

Tímamót urðu hjá Flugfélagi Íslands þegar fyrsta Bombardier Q-400 kom til Íslands í byrjun mars. Alls munu þrjár Q-400 flugvélar leysa Fokker vélar félagsins af hólmi. Tvær Q-200 flugvélar sem félagið hefur notað í um áratug munu áfram verða í rekstrinum. Bombardier Q-400 flugvélar eru hraðfleygari en Fokker sem gerir mögulegt að fljúga á áfangastaði sem eru lengra í burtu. Þannig mun verða flogið til Aberdeen í Skotlandi í samstarfi við Icelandair ásamt því að nýr áfangastaður á Grænlandi, Kangerlussuaq, bætist við og verður fimmti áfangastaður félagsins þar. Mikil aukning í fjölda ferðamanna til Íslands hefur skilað sér auknum fjölda erlendra ferðamanna um borð í flugvélum innanlandsflugsins og er áætlað að sú þróun muni halda áfram.

Mikil uppbygging hefur verið í hótelfstarfsemi Icelandair Group undanfarin ár og tilkynnt hefur verið um stór hótelfverkefni í vinnslu. Í byrjun júní mun Canopy Reykjavík, 112 herbergja hótell, opna í miðborg Reykjavíkur í samstarfi við Hilton-keðjuna. Þá hefur einnig náðst samkomulag við Hilton-keðjuna um rekstur tveggja hágæða hótella í hjarta Reykjavíkur undir vörumerkinu Curio-collection, sem er safn einstakra hágæðahótella í heiminum. Annað verður með 50 herbergi og er áætlað að opna það árið 2017. Hitt er með um 160 herbergi og stefnt að opnun þess árið 2018. Þá er unnið að uppbyggingu hótells við Mývatn á Norðurlandi. Gert er ráð fyrir að þar muni opna um 40-50 herbergja hótell innan tveggja ára og er það liður í stefnu félagsins um að efla vetrarferðamennsku og dreifingu ferðamanna um landið.

Um árabíl hefur fjölgun ferðamanna til Íslands verið umfram meðalvöxt í heiminum og er ráðgert að sú þróun muni halda áfram. Tölur um fjölgun ferðamanna til Íslands á fyrsta fjórðungi ársins 2016 eru til marks um þetta en fjölgunin milli ára var 35%. Mikil sóknarfæri eru því enn til staðar fyrir Icelandair Group í ferðatengdri þjónustu á Íslandi og er áfram unnið samkvæmt stefnu félagsins að hækka hlutfall ferðamanna utan háannatíma og styrkja innviði ferðaþjónustunnar um land allt.

Staða eldsneytisvarna í lok mars er dregin fram í töflunni hér á eftir. Auk samningsbundinna varna skilgreindir félagið samþil EUR/USD og eldsneytisverðs sem innri áhættuvörn.

| Tímabil | Áætluð notkun (tonn) | Skiptasamningar | Hlutfall varið | Meðalverð skiptasamn. USD |
|----------------------|----------------------|-----------------|----------------|---------------------------|
| Apr 16 | 22.045 | 12.630 | 57% | 616 |
| Mai 16 | 32.435 | 19.720 | 61% | 643 |
| Jún 16 | 41.200 | 23.700 | 58% | 637 |
| Júl 16 | 43.760 | 23.800 | 54% | 592 |
| Ágú 16 | 43.816 | 24.700 | 56% | 536 |
| Sep 16 | 38.878 | 22.600 | 58% | 521 |
| Okt 16 | 31.472 | 18.500 | 59% | 514 |
| Nóv 16 | 24.340 | 12.500 | 51% | 499 |
| Des 16 | 23.738 | 13.500 | 57% | 470 |
| Jan 17 | 24.727 | 11.250 | 45% | 399 |
| Feb 17 | 21.251 | 10.250 | 48% | 399 |
| Mar 17 | 24.722 | 12.000 | 49% | 443 |
| 12 mánuðir | 372.384 | 205.150 | 55% | 539* |
| Apr 17 | 27.174 | - | - | - |
| Mai 17 | 32.618 | - | - | - |
| Jún 17 | 40.836 | 4.000 | 10% | 456 |
| Júl 17 | 43.147 | 4.000 | 9% | 471 |
| Ágú 17 | 43.281 | 4.000 | 9% | 469 |
| Sep 17 | 38.306 | - | - | - |
| 13-18 mánuðir | 225.363 | 12.000 | 5% | 465* |

* Vegið meðalverð

EBITDA SPÁ 2016


Uppfærð EBITDA-spá fyrir árið 2016 er 235-245 milljónir USD sem er lækkun frá spánni sem gefin var út í febrúar og nam 245-250 milljónum USD. Þróun eldsneytisverðs, kostnaðarhækkunar, sérstaklega laun, og lækkun meðalfargjalda umfram áætlanir skýra að mestu leyti lækkunina.

Í uppfærðri spá er gert ráð fyrir að verð á þotueldsneyti (án tillits til varna) verði 378 USD/tonn í apríl og 400 USD/tonn á tímabilinu maí – desember, samanborið við 350 USD/tonn í febrúarspánni. Gengisvísitala ISK er áætlað að meðaltali 191 það sem eftir lifir árs en það er 5% styrking frá febrúarspánni. Um þriðjungur kostnaðar félagsins er í ISK. Á móti er gengi EUR gagnvart USD nú spáð að meðaltali 1,12 á tímabilinu apríl – desember, samanborið við 1,08 í spánni í febrúar.

HLUTHAFAR

- Hlutabréfaverð Icelandair Group nam 37,55 krónum í lok fyrsta ársfjórðungs.
- Markaðsvirði í lok mars var 187,8 milljarðar króna.

Hæsta dagslokaverð á hvern hlut á fyrsta ársfjórðungi var 38,35 krónur, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 32,65 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 35,88 krónur á hvern hlut. Viðskipti með hlutabréf Icelandair Group námu alls 1.782 á fjórðungnum og heildarvelta nam 45,4 milljörðum króna. Meðalupphæð hvers viðskipta var 25,5 milljónir króna. Hlutabréfaverð félagsins hækkaði um 6,1% á fjórðungnum og fjöldi hluthafa var 2.475 í lok hans og fjölgaði um 88 frá upphafi árs. Fjöldi útgefna hlutabréfa þann 31. mars 2016 var 5.000.000.000 og fjöldi útstandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. í grafinu hér á eftir má sjá þróun hlutabréfaverðsins á árinu 2016 í ISK:



KYNNINGARFUNDUR 29. APRÍL 2016

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 29. apríl 2016 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, mun kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30 og verður í sal 2. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Hægt verður að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni:

<http://www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/>

SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors fyrsta ársfjórðungs 2016 var samþykktur á stjórnarfundum þann 28. apríl 2016.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Uppgjör 2. ársfjórðungs – 28. júlí, 2016
- Uppgjör 3. ársfjórðungs – 28. október, 2016
- Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2017
- Aðalfundur – vika 11, 2017

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801